

ERINDISBRÉF

Hússtjórn Iðnó

Ábyrgðarmaður:

Arna Schram sviðsstjóri

Inngangur:

Þann 22.6. 2017 voru undirritaðir f.h. Reykjavíkurborgar tveir samningar við Gómsætt ehf vegna Iðnó. Annar var samstarfssamningur við Menningar- og ferðamálasvið um rekstur Iðnó og gildir hann til 5 ára eða til 30. september 2022 með möguleika á framlengingu í allt að þrjú ár til viðbótar. Hinn var leigusamningur við Skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar (SEA). Sá samningur er ótímabundinn en gagnkvæmur uppsagnarfrestur er eitt ár. Samningarnir tóku gildi 1. október 2017. Báðum fylgja ýmis ákvæði en menningar- og ferðamálaráð samþykkti á fundi sínum þann 8.1. 2018 að heppilegt væri að skipa að auki sérstaka hússtjórn til að auka samstarf milli þessara þriggja aðila.

Markmið Reykjavíkurborgar með útleigu Iðnó er að:

Iðnó verði opin og lifandi miðstöð menningarstarfs sem laði að sér breiðan hóp innlendra og erlendra gesta. Allri starfsemi í húsinu verði hagað á þann veg sem hæfir merkri sögu þess, byggingagerð og staðsetningu í hjarta borgarinnar. Fyllsta tillit sé tekið til þessa í innréttingum, tækniúnaði, rekstri og umgengni.

Skipuleggjendur menningarstarfs geti nýtt sér aðstöðuna á sanngjörnum kjörum.

Í húsinu geti farið fram veitingasala, samkomur og annað er styrki rekstrarforsendur hússins.

Hlutverk hússtjórnar:

Hlutverk hússtjórnar er að hafa eftirlit með rekstri Iðnó og efndum samninga milli Reykjavíkurborgar og leigutaka Iðnó og fylgja eftir viðhaldi hússins og framkvæmdum. Fulltrúi MOF er formaður stjórnar og boðar til stjórnarfunda þegar þurfa þykir en að lágmarki þrisvar á ári. Hússtjórn getur boðað hverja þá til fundar sem hún telur þörf á hverju sinni. Fundargerðir hússtjórnar skulu sendar MOF sem kynnir efni þeirra fyrir viðkomandi ráðum sé tilefni til. Seta í hússtjórn er ólaunuð.

Hússtjórn skipa:

- Signý Pálsdóttir skrifstofustjóri menningarmála fulltrúi Menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar (MOF). Sif Gunnarsdóttir tekur við starfi hennar og stjórnarsetu þ. 1. apríl 2018. Sá aðili hefur jafnframt eftirlit með öðrum þáttum samstarfssamnings við leigutaka Iðnó svo sem um skil á ársreikningi, skýrslum og áætlunum um starfsemi og rekstur.
- Óli Jón Hertervig fulltrúi Skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar (SEA).
- René Boonekamp fulltrúi Gómsætt ehf., leigutaka Iðnó.

Starfstímabil:

Sama og gildistími samstarfssamnings við Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar.

Lagt fram til samþykktar á fundi menningar- og ferðamálaráðs 26. febrúar 2018.